

Skaftárhreppur
Anton Kári Halldórsson
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. maí 2012

Tilvísun: UST20120400037/bs

Skipulags- og matslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar í Skaftárhreppi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skaftárhrepps dags. 10. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matslýsingu.

Breytingin fjallar um nýbyggingu háspennulína frá fyrirhuguðum stöðvarhúsum Hólmsárfog Búlandsvirkjana. Lagðar verða annaðhvort 132 kV eða 220 kV línum, háð tilhögun virkjana og er gert ráð fyrir tveimur samhliða línum frá Búlandsvirkjun norður að tengipunkti við Fremri-Tólfahringa.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við matslýsingu.

Valkostir

Umhverfisstofnun telur að í breytingartillögu eigi að fjalla um valkosti varðandi staðsetningu umræddra háspennulína. Hér er um matsskyldar framkvæmdir að ræða skv. 22 tl. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun bendir á að helstu umhverfisáhrif háspennulína eru almennt talin vera neikvæð sjónræn áhrif og neikvæð áhrif á landslag. Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að taka ákvörðun um endanlega staðsetningu umræddra háspennulína fyrr en að loknu mati á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmda þar sem mismunandi valkostir verða skoðaðir á ítarlegri hátt en gert verður í tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

Umhverfisstofnun telur einnig að fjalla eigi um lagningu jarðstrengs sem valkost.

Útvist og ferðamennska

Umhverfistofnun telur að í breytingartillögu þurfí að fjalla á heildstæðari hátt um gildi svæðisins til útvistar og ferðamennsku sem ráðgert er að leggja umræddar háspennulínur um. Ekki eigi einungis að líta til staðbundinna sjónrænna áhrifa. Stofnunin telur að líta verði til neikvæðra áhrifa slikra mannvirkja á upplifun ferðamanna sem leggja leið sína um hálendið. Umhverfisstofnun vill í þessu sambandi benda á umfjöllun í rammaáætlun um virkjanakostina Hólmsá (tvær útfærslur) og Búlandsvirkjun. Jafnframt vill stofnunin benda á umfjöllun um ferðamennsku og raforkuframleiðslu í ritgerð Önnu Dóru Sæþórsdóttur:

Wilderness tourism in Iceland-land use and conflicts with power production Þar segir m.a. á bls. 104: *The results indicate that wilderness areas are very sensitive to power plant developments and that the largest effects would be in wilderness areas which are already of great importance for tourism and recreation.*

Umhverfisstofnun telur að þegar áður óbyggð svæði eru tekin undir jafn fyrirferðamikil

mannvirki og háspennulínur sérstaklega þegar fyrirhuguð línustæði eru á fjölförnum ferðmannastöðum á hálendi Íslands eigi að meta umhverfisáhrif slíkrar mannvirkjagerðar meiri en gert er í umræddri lýsingu.

Mótvægisaðgerðir

Á bls. 6 í umræddri lýsingu segir um mótvægisaðgerðir: *Greint verður frá mögulegum mótvægisaðgerðum og vöktun ef í ljós kemur að umhverfisáhrif í einhverjum af áðurtöldum þáttum eru talin veruleg.*

Umhverfisstofnun vill benda á að sjónræn áhrif háspennulína og áhrif þeirra á landslag felast fyrst og fremst í staðsetningu þessara mannvirkja. Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun benda á umfjöllun um háspennulínur í *Journal of Environmental Planning and management, 2002*, en þar segir m.a. á bls. 761: *As stated earlier in this paper, the main method of avoiding significant adverse effects associated with overhead transmission line is by careful routing.*


Í umræddri grein kemur skýrt fram að ef grípa eigi til mótvægisaðgerða eigi að gera það við ákvörðun línuleiðar. Mótvægisaðgerðir sem gripið er til að lokinni byggingu línunnar sem fela ekki í sér tilfærslu á línunni eru því ekki líklegar til að draga úr neikvæðum áhrifum mannvirkisins.


Samráð

Umhverfisstofnun vill benda á að ósennilegt er að samráð verði haft við stofnunina við gerð umræddrar breytingar á aðalskipulagi Skaftárhrepps vegna mögulegraraskana á fjörum, eyjum, skerjum eða þverun fjarða eins og segir á bls. 8 í lýsingu.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda matslýsingu.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri


Björn Stefánsson

Afrit: Skipulagsstofnun